

Skipulagsstofnun  
Borgartún 7b  
105 REYKJAVÍK

Garðabær, 31. maí 2023  
Málsnúmer: 202305-0003  
SS

## Efni: Umsögn um matsskyldu skólþælustöðvar við Elliðaárvog.

Vísað er í tölvupóst frá Skipulagsstofnun, dags. 2. maí 2023, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um matsskyldu framkvæmdar Veitna ohf á nýrri skólþælustöð við Elliðaárvog.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér greinargerð sem fylgdi tilkynningunni og telur að ítarlega sé gert grein fyrir framkvæmdinni og umhverfisáhrifum hennar. Nýlegar athuganir á fugla- og botndýralífi og faratferli laxfiska á svæðinu, í tengslum við umhverfismat væntanlegrar landfyllingar, gefa ágætar upplýsingar sem nýtast vel til að leggja mat á umhverfisáhrifin af skólþælustöðinni. Náttúrufræðistofnun telur ekki þörf á að afla frekari upplýsinga um náttúrufar svæðisins við undirbúning þessarar framkvæmdar en styrkja ætti langtímavöktun til að meta áhrif af rekstri skólþælustöðva Veitna ohf í Elliðaárvogi.

Sá áhrifaþáttur framkvæmdarinnar sem vegur þyngst að mati Náttúrufræðistofnunar er neyðarútrásin, og þá einkum notkun hennar þegar skólp er losað í Elliðaárvog. Eins og fram kemur í greinargerðinni er lífríki vogsins auðugt og með hátt verndargildi, einkum fuglalíf og laxfiskar sem eiga farleið um og dvelja í vöginum. Öll skólpmengun er þar afar óheppileg og því grundvallaratriði að notkun neyðarútrásar sé haldið í algjöru lágmarki eins og stefnt er að, ekki síst því tvær aðrar dælustöðvar eru við vögin.

Jákvætt er að stefnt sé að því að græða upp gróðurþekju sem raskast sem og að huga að endurheimt fjörubotns sem raskast við lagningu neyðarútrásar.

Þrátt fyrir hátt verndargildi náttúrusvæðisins telur Náttúrufræðistofnun ekki þörf á að þessi framkvæmd ein og sér fari í umhverfismat og það myndi litlu bæta við þá umfjöllun sem er í greinargerð tilkynningarinnar. Hins vegar er ljóst að í ljósi mikilla uppbyggingaráforma á svæðinu er afar mikilvægt að skoða vel samlegðaráhrif hina ýmsu framkvæmda þ.m.t. þessarar. Lífríki svæðisins er undir töluverðu álagi á svæðinu nú þegar og því brýnt að átta sig á hvaða áhrif skipulags- og framkvæmdaáform munu hafa. Mikilvægt er að þetta sé greint gaumgæfilega t.d. í frekari skipulagsvinnu en einnig að þetta sé haft í huga við áframhaldandi undirbúning einstakra framkvæmda.

Náttúrufræðistofnun gerir ekki frekari athugasemdir.



Virðingarfyllst,

*Snorri Sigurðsson*

Snorri Sigurðsson  
Sviðsstjóri náttúruverndarsviðs

